



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavarðasvið Suðurgata
39 101 Reykjavík (354) 570
13 00 www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Sveitarfélagið Árborg
Ráðhúsinu - Austurvegi 2
800Selfoss

3. júní 2025
MÍ202505-0154/ 6.09 / O.I.

**Efni: Selfoss. Svæði Hestamannafélagsins Sleipnis.
Deiliskipulag. Mál: 470/2025**

Óskað hefur verið eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um nýtt deiliskipulag á svæði Hestamannafélagsins Sleipnis á Selfossi.

Vegna mikilla anna hjá stofnuninni reyndist ekki unnt að fjalla um málið innan tilskilins umsagnarfrests, sem rann út 23. maí síðastliðinn og er beðist velvirðingar á því.

Deiliskipulagssvæðið, sem hér um ræðir, er alls um 27 ha að stærð og nær yfir allt hesthúsahverfið sem þegar er risið og keppnisvelli, en einnig yfir um 7 ha óbyggt svæði suðaustur af hverfinu þar sem gert er ráð fyrir nýjum hesthúsalóðum, ásamt reiðstígum, reiðgerðum og viðrunarhólfum.

Fyrirliggjandi er fornleifaskráning frá árinu 2021, unnin af Náttúrustofu Vestfjarða, sem gerð var vegna breytinga á aðalskipulagi í Austurbyggð II í Árborg. Nær hún m.a. yfir hinn óbyggða hluta deiliskipulagssvæðisins sem hér er til umfjöllunar, en engar fornleifar voru þó skráðar innan hans. (sjá Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. *Fornleifaskráning vegna breytinga á aðalskipulagi í Austurbyggð II (N13) í Árborg*. NV nr. 09-21. Náttúrustofa Vestfjarða 2021).

Einnig er fyrirliggjandi fornleifaskráning frá 2008, unnin af Bygðasafni Árnesinga, vegna aðalskipulags Árborgar, sem nær m.a. yfir allt deiliskipulagssvæðið. Eru heldur engar fornleifar skráðar inna þess samkvæmt þeirri skráningu (sjá. Edda Linn Rise ofl. *Aðalskráning fornleifa í Árborg 1*. Bygðasafn Árnesinga 2008)

Til skamms tíma var nokkur aðferðafræðilegur munur á því hvernig fornleifaskráning var unnin vegna aðalskipulags og þegar hún var gerð vegna deiliskipulags. Fólst munurinn í því hversu nákvæmlega

Oddgeir Isaksen
Verkefnastjóri
oddgeir@minjastofnun.is

var farið yfir svæði á vettvangi í leit að fornleifum og var að jafnaði gerð ítarlegri leit á deiliskipulagssvæðum, en þegar skráð var vegna aðalskipulags, enda náði skráningin, í síðarnefnda tilvikinu, oft yfir heilu sveitarfélögin með mörgum bújörðum.

Þótt fyrirbyggjandi skráning á hinum óbyggða hluta deiliskipulagssvæðisins, sem hér er til umfjöllunar, hafi verið gerð vegna aðalskipulags, þá var vettvangsvinna þó framkvæmd eins og um deiliskipulag væri að ræða og svæðið því kannað nokkuð ítarlega. Það er því mat Minjastofnunar að ekki sé þörf á frekari fornleifaskráningu innan þess.

Ekki er heldur talin þörf á því svæði sem þegar er byggt, þar sem litlar líkur eru taldar á að þar geti leynst fornleifar, vegna þeirra röskunar orðið hefur vegna þeirra mannvirkja sem þar standa. Eru því ekki gerðar athugasemdir við hið nýja deiliskipulag á svæði Hestamannafélagsins Sleipnis.

Að lokum er þó rétt að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir:

„Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonun umsvifalaust svo skera megir um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megir fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,



Oddgeir Isaksen
Verkefnastjóri

Sent: runarg@arborg.is